

Reykjavík 6. júní. 2013

Skipulags- og byggingarsvið  
B/t Bjarka Jóhannessonar  
Norðurhelli 2  
220 Hafnarfjörður

Málefni: Íbúðakjarni að Arnarhrauni 50

Ás styrktarfélag og Hafnarfjarðarbær hafa skrifað undir yfirlýsingu um samvinnu aðila vegna uppbyggingu búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði. Ás kemur til með að sjá um framkvæmd og þjónustu þegar þar að kemur í íbúðakjörnum/íbúðasambýlum. Verkefnastjórn hefur verið skipuð af báðum aðilum.


Með þarfir hópsins í huga höfum við skoðað lóð að Arnarhrauni 50. Sú lóð hentar vel til uppbyggingar fyrir þenna hóp sér í lagi fengist öll lóðin þar með talin sá hluti sem merktur er leikvöllur á skipulagsteikningu. Eins og lóðin stendur er hún 721 m<sup>2</sup>.

**Hér með er óskað eftir því að fá lóð að Arnarhrauni 50 og aðliggjandi leikvöll til byggingar tveggja hæða íbúðakjarna fyrir fólk með þroskakerðingu.**


Ás styrktarfélag hefur langa reynslu af byggingu húsnæðis fyrir fatlaða og leggur upp úr því að slík hús séu í almennum íbúðarhverfum séu til sóma í götmyndinni og hafi gott aðgengi. Við lóðarúthlutanir hjá félaginu í Reykjavík hefur það notið sérstakrar velvildar og fyrirgreiðslu. Verulegur afsláttur hefur verið gefin af lóðarverði og gatnagerðargjöldum. Óskum við einnig hér með eftir slíkum velvilja af hálfu Hafnarfjarðarbæjar í ljósi hagsmuna þess verkefnis sem aðilar eru að hefja vegferð í. Oft er jákvætt fyrir bæjarfélög að aðili eins og Ás styrktarfélag byggji upp á umdeildum lóðum þar sem þjónusta en ekki gróðasjónarmið ráða ferð hjá félaginu.

Við vonum að þessari beiðni okkar verði vel tekið og óskum eftir afgreiðslu hið allra fyrsta.

Virðingarfyllt  
F.h. Ás styrktarfélags

  
Þóra Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri.

Afrit sent: Aðilum í verkefnisstjórn f.h. Hafnarfjarðarbæjar: Gerði Guðjónsdóttur, fjármálastjóra Hafnarfjarðar, Hrónn Hilmarsdóttur, verkefnistjóra fjölskyldusviði og Sigurði Haraldssyni á Skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðarbæjar

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	18.6.2013
Málsnr:	1306167
Bréfali:	521.1